

Ath! Þessi útgáfa upplýsingabréfsins er ætluð þeim skólum sem kjósa að afla skriflegs samþykkis frá foreldrum við fyrirlögn á nemendakönnun Skólapúlsins í 6. – 10. bekk (Sjá nánar hér að neðan):

Kæra foreldri/forsjáraðili,

Skólinn notar kannanir Skólapúlsins til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbílinu 11-15 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir það sem metið er.

Virkni nemenda	Líðan og heilsa	Skóla- og bekkjarandi
<ul style="list-style-type: none">• Ánægja af lestri• Áhugi og ánaægja af stærðfræði• Áhugi og ánaægja af náttúrufræði• Trú á eigin námsgetu• Trú á eigin vinnubrögð í námi• Prautseigja í námi	<ul style="list-style-type: none">• Sjálfsálit• Stjórn á eigin lífi• Vellíðan• Tíðni eineltis• Tegund eineltis• Staðir eineltis• Hreyfing• Mataræði	<ul style="list-style-type: none">• Samsömun við nemendahópinn• Samband nemenda við kennara• Agi í tímum• Virk þátttaka í tímum• Mikilvægi heimavinnu í náminu

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans. Niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Vinnsla könnunarinnar uppfyllir skilyrði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónupplýsinga. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju.

Nánari upplýsingar um kannanir Skólapúlsins eru á www.skolapulsinn.is/um. Einnig er hægt að hringja í starfsfólk Skólapúlsins í síma 583-0700 eða senda tölvupóst á skolapulsinn@skolapulsinn.is.

Ég gef leyfi mitt til að barn mitt taki þátt í könnuninni Skólapúlsinn sem lýst er hér að ofan

Skóli: _____

Nafn barns: _____

Undirskrift foreldris/forsjáraðila: _____